

# Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 24. febrúar 2016 kl. 09:00, var haldinn 139. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Kerhólum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og Sigurður Ingi Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Stefán Agnar Finnsson, Magnús Ingi Erlingsson og Helena Stefánsdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

## Þetta gerðist:

### (A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 19. febrúar 2016.

*Sigurborg Ó Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 9:30.*

2. **Suðurlandsbraut 8 og 10, breyting á deiliskipulagi** (01.262.1) Mál nr. SN160060  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitektar ehf., mótt. 21. janúar 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 8 og 10 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst sameining lóða. Einnig eru lagðir fram uppd. Arkís arkitekta ehf., dags. 12. september 2015. Jafnframt er lögð fram yfirlýsing Eikar fasteignafélags hf., dags. 9. desember 2015, minnisblað Hnit verkfræðistofu hf., dags. 15. desember 2015 og bréf Arkís arkitekta, 8. ágúst 2015 og 20. janúar 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016.

*Umhverfis og skipulagsráð gerir ekki athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016, á eigin kostnað.*

*Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

3. **Reitur 1.154.3, Barónsreitur, breyting á deiliskipulagi** (01.154.3) Mál nr. SN150370  
130272-5769 Halldór Eiríksson, Fífusel 26, 109 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunnar, dags. 22. janúar 2016, þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er lögð fram umsögn Isavia, dags. 10. febrúar 2016. Jafnframt er lögð umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. febrúar 2016 og uppdættir T.ark arkitekta, dags. 6. júlí 2015 síðast breyttir 10. febrúar 2016.

*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. febrúar 2016, samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

4. **Fossvogsvegur (Vigdísarlundur), lýsing deiliskipulags** (01.849) Mál nr. SN150641

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju lýsing vegna deiliskipulags svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvægi, Árlandi og göngustígum, dags. 28. október 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. nóvember 2015. Jafnframt er lögð fram bókun hverfisráðs Háaleitis- og Bústaða frá 18. janúar 2016 og bréf Skipulagsstofnunar, dags. 22. janúar 2016.

*Kynnt.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

5. **Þórsgata 27, breyting á deiliskipulagi** (01.181.3) Mál nr. SN150690  
441109-0240 Stáss Design ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Stáss Design ehf., mótt. 16. nóvember 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Lokastígsreits 3 vegna lóðarinnar nr. 27 við Þórsgötu. Í breytingunni felst að breyta notkun jarðhæðar hússins úr íbúðarhúsnæði í veitingastað/Kaffihús í flokki I, samkvæmt uppdr. Stass Design ehf. dags. 13. nóvember 2015. Einnig er lagt fram bréf Stáss Design ehf. og eiganda að Þórsgötu 27, dags. 16. nóvember 2015 og tillaga að staðsetningu og útliti skiltis, dags. 2. desember 2015. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. janúar til og með 4. febrúar 2016. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Ása Jóhannesdóttir, dags. 1. febrúar 2016, Sigurveig Kristjánsdóttir, Sigrún Sandra Ólafsdóttir og Albert Björn Lúðvíksson, dags. 1. febrúar 2016, Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir og Jónas Geirsson, dags. 2. febrúar 2016, Jón Ingi Gíslason og fjölsk., dags. 3. febrúar 2016, Bylgja E. Stefánsdóttir, dags. 3. febrúar 2016, Kári Sölmundarson, dags. 4. febrúar 2016, Eva Birgisdóttir, dags. 4. febrúar 2016 Loftur Ásgeirsson, dags. 4. febrúar 2016 og Auður Harpa Þórsdóttir, dags. 4. febrúar 2016. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Jóakim Reynissyni og Hildi Jóhannesdóttur, dags. 8. febrúar 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016.

*Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016, með vísun í a-lið 1. gr. viðauka fyrir umhverfis- og skipulagsráð í samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

6. **Sturlugata 5, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN160119  
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn Landmótunar sf., mótt. 15. febrúar 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 5 við Sturlugötu. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar til norðurs og suðurs og fella niður hringtorg sem sýnt er á mörkum Sæmundargötu og Sturlugötu, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf., dags. 14. janúar 2016.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísad til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

7. **Háskólinn í Reykjavík, breyting á deiliskipulagi** (01.751) Mál nr. SN160110  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 10. febrúar 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst stækkun á deiliskipulagssvæðinu þar sem gert er ráð fyrir tveimur lóðum í krika Flugvallarvegar

og Nauthólsvegur. Annars vegar lóð fyrir skólahúsnæði og hins vegar lóð fyrir íbúðarbyggð, samkvæmt tillögu Kanon arkitekta ehf. dags. 18. febrúar 2016.

*Helga Bragadóttir, Halldóra Kristín Bragadóttir og Birkir Einarsson frá Kanon arkitektum kynna.*

*Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri og Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

8. **Grundarstígsreitur, lýsing** (01.18) Mál nr. SN150738

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 4. desember 2015, vegna gerð nýs deiliskipulags reits 1.183.3, Grunnarstígsreits, sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Einnig er lagður fram tölvupóstur Lofts Reimar, dags. 12. janúar 2016 og bréf Skipulagsstofnunar, dags. 22. janúar 2016.

*Kynnt.*

*Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### (B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423  
*Fundargerð*

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 864 frá 23. febrúar 2016.

10. **Austurbakki 2, Hótel** (01.119.801) Mál nr. BN050485

530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða hótél, einangrað og klætt að utan með flísum/gluggakerfi, 253 herbergi fyrir 512 gesti, á tveggja hæða kjallara á reit 5A og verður matshluti 06 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016. Stærð A-rýma: 18.447,6 ferm., 68.426,9 rúmm.

B-rými: 490 ferm., 2.005,8 rúmm. Gjald kr. 10.100

*Ásgeir Ásgeirsson og Fríða Sigurðardóttir frá T.ark arkitektum kynna.*

11. **Austurbakki 2, Fjölbýlishús -** (01.119.801) Mál nr. BN050486  
*verslunarhúsnæði*

530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða fjölbýlishús á tveggja hæða kjallara, einangrað og klætt að utan með flísum/málmklæðningu, sjö stigahús með 106 íbúðum og verslun og þjónustu á jarðhæð á reit 5B og verður matshluti 05 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016.

Stærð A-rými: 17.408,1 ferm., 62.902,2 rúmm. B-rými: 2.107,8 ferm., 7.110,5 rúmm.

C-rými: 64,8 ferm. Gjald kr. 10.100

*Ásgeir Ásgeirsson og Fríða Sigurðardóttir frá T.ark arkitektum kynna.*

12. **Fossagata 2, Einbýlishús** (01.636.707) Mál nr. BN050070

660315-0120 Ágúst hinn mikli ehf., Fossagötu 2, 101 Reykjavík

110727-4889 Ágúst Ingimundarson, Furugerði 1, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. nóvember 2015 þar sem sótt er um leyfi til að byggja

steinsteyppt einbýlishús, kjallara, hæð og ris, einangrað að utan og klætt standandi borðaklæðningu á lóð nr. 2 við Fossagötu. Einnig er lagt fram skuggavarp Arkþings í júní og september, ódags. og í ágúst, dags. 6. október 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 24. nóvember til og með 22. desember 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Elín Brimdís Einarsdóttir og Gísli Kristinsson, dags. 21. desember 2015, Hrafnhildur Sigurðardóttir, dags. 21. desember 2015 og Hrafnhildur Sigurðardóttir f.h. 99 aðila á undirskriftarlista, dags. 22. desember 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2015. Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 6. október 2015 og lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. apríl 2014. Stærð A-rými: 216 ferm., 666,2 rúmm. C-rými: 36,9 ferm. Gjald kr. 9.823

*Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

13. **Grettisgata 4, Niðurrið** (01.182.104) Mál nr. BN050578

130122-2649 Ólafía Sigurðardóttir, Hringbraut 50,

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. febrúar 2016 þar sem sótt er um leyfi til að rífa þríbýlishús á lóð nr. 4 við Grettisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. febrúar 2016.

Erindi fylgir þinglýst umboð til handa Eyjólfí Bergþórssyni og Bergþóri Andréssyni dags. 18. júní 2014. Niðurrið: Fastanr. 200-6184 merkt 01 0101 Einbýlishús, 156,6 ferm., 433,0 rúmm. Gjald kr. 10.100

*Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 18. febrúar 2016.*

*Umhverfis- og skipulagsráð bókar: „Skipulagsyfirvöldum í Reykjavík ber skylda til að vinna eftir gildandi skipulagsáætlunum og telur mikilvægt að borgarþáttar geti treyst þeim áætlunum sem fyrir liggja. Ef ekki væri fyrir ákvæði í gildandi skipulagi væri áhugavert að skoða verndun umræddar byggingar. Minjastofnun hefur það verkefni með höndum að sinna verndun húsa og bygginga, einnig í miðborg Reykjavíkur. Telji Minjastofnun að ástæða sé til að friða umrædda byggingu nú er það ákvörðun sem stofnunin getur tekið.“*

*Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

*Hjálmar Sveinsson víkur af fundi kl. 12:25 og Sigurborg Ó. Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum.*

### (C) Fyrirspurnir

14. **Alþingisreitur, (fsp) fækkun bílastæða og** (01.141.1) Mál nr. SN150685

*hækkun á tengibyggingu*

690906-1390 Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Einarssonar arkit. mótt. 11. nóvember 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits sem felst í fækkun bílastæða á reitnum og hækkun á tengibyggingu milli lóðanna nr. 8B og 10 við Kirkjustræti, samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta dags. 27. október 2015. Einnig er lagt fram bréf Batterísins arkitekta ehf. dags. 10. nóvember 2015 og greinargerð, dags. 27. október 2015. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 18. desember 2015 og umsögn

Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 19. febrúar 2016. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

15. **Vitastígur 13, (fsp) stækkun húss og fjölgun íbúða** (01.174.2) Mál nr. SN150764  
470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf., Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hornsteinar arkitekta ehf., mótt. 16. desember 2015, varðandi stækkun hússins á lóð nr. 13. við Vitastíg. Í húsinu verða sex litlar íbúðir á 2. og 3. hæð, en óbreytt starfsemi á 1. hæð, samkvæmt uppdr. Hornsteinar arkitekta ehf., dags. 11. nóvember 2015. Einnig er lagt fram bréf Hornsteinar arkitekta ehf., dags. 15. desember 2015. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.

*Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

16. **Veghúsastígur 1 og Klapparstígur 19, (fsp) uppbygging** (01.152.421) Mál nr. SN150729  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf., mótt. 30. nóvember 2015, um að byggja lágreistar byggingar með 6-7 litlum sérbýlis íbúðum á lóð nr. 1 við Veghúsastíg, samkvæmt tillögu Arkís arkitekta ehf., dags. 27. nóvember 2015. Einnig er lagt fram bréf Arkís arkitekta ehf., dags. 27. nóvember 2015, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 19. janúar 2016 og 22. janúar 2016, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 22. janúar 2016, varðandi fornleifar á lóðinni og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 11. febrúar 2016. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

17. **Brautarholt 18 og 20, (fsp) hækkun húsa, útbýgging o.fl.** (01.242.2) Mál nr. SN160056  
441109-0240 Stáss Design ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf., mótt. 19. janúar 2016, um að hækka húsin á lóðunum nr. 18 og 20 við Brautarholt um eina inndregna hæð þannig að húsin verði allt að fimm hæðir í stað fjögurra, byggja 120 cm breiða útbýggingu (svalagang) við húsið á lóð nr. 20 við Brautarholt á 2. til 4. hæð o.fl., samkvæmt tillögu Stáss Design ehf., ódags. Einnig er lögð fram greinargerð Stáss Design ehf., ódags. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

18. **Grjótagata 14B, (fsp) flutningshús** (01.136) Mál nr. SN150734  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 2. desember 2015, varðandi hugsanlegan flutning og endurbyggingu húss sem áður stóð við Laugaveg 36 (bakhús) á lóð við Grjótagötu 14B. Einnig er lagt fram bréf, dags. 1. desember 2015. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 15. desember 2015 og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 6. janúar 2016 ásamt greinargerð Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 18. desember 2015 varðandi fornleifar á lóð nr. 14B við Grjótagötu. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2016.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### (D) Ýmis mál

19. **Bogahlíð 7-9, málskot** (01.711.2) Mál nr. SN160096  
570500-3170 Bogahlíð 7-9, húsfélag, Bogahlíð 7, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Ólafs G. Jónssonar f.h. Húsfélagsins að Bogahlíð 7-9, dags. 4. febrúar 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 22. janúar 2016 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 7-9 við Bogahlíð um eitt.

*Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 22. janúar 2016 staðfest.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

20. **Hlíðarendi 6-10, málskot** (01.628.8) Mál nr. SN160120  
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram málskot Alark arkitekta, dags. 11. febrúar 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2016 á fyrirspurn um rekstrarleyfi í flokki III fyrir samkomusal í húsinu á lóð nr. 6-10 við Hlíðarenda.

*Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2016 staðfest.*

*Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

21. **Gjaldskrá og reglur um bílastæði í Reykjavík, tillögur starfshóps** Mál nr. US150247  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagðar fram að nýju tillögur starfshóps umhverfis- og skipulagssviðs að nýjum reglum um bílastæðagjald í Reykjavík unnar með hliðsjón af nýju aðalskipulagi. Einnig lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir bílastæði. Jafnframt er lögð fram umsögn bílastæðanefndar, dags. 11. febrúar 2016.

22. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, rýmka reglur um hollustuhætti og matvæli** Mál nr. US160055

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Hildur Sverrisdóttir leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

Á fundi borgarstjórnar þann 19. maí 2015 var svohljóðandi tillaga samþykkt: "Borgarstjórn samþykkir að beina þeim tilmælum til ríkisvaldsins að rýmka reglur um hollustuhætti og matvæli svo það sé hverju sveitarfélagi í sjálfvald sett hvernig það kys að haga reglum um á hvaða stöðum sé leyfilegt að hafa dýr, svo sem á kaffihúsum,

veitingastöðum, líkamsræktarstöðvum, samkomuhúsum o.s.frv. Það er réttlætismál að sveitarfélög hafi svigrúm gagnvart eigendum slíkra staða að leyfa dýrahald ef þeir óska." Bréf þessa efnis var sent Umhverfissráðuneytinu í maí 2015. Óskað er upplýsinga um hvar þetta mál er statt og eftir atvikum að rekið sé á eftir viðbrögðum.  
*Frestað.*

23. **Betri Reykjavík, fá fleiri skilti sem birta** Mál nr. US160044  
*hámarkshraða í hverfið (USK2016020025)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „fá fleiri skilti sem birta hámarkshraða í hverfið" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur.

*Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar.*

24. **Betri Reykjavík, Laugaveg að göngugötu í** Mál nr. US160045  
*sumar frá Vitastíg (USK2016020026)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Laugaveg að göngugötu í sumar frá Vitastíg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur.

*Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar.*

25. **Betri Reykjavík, ný virðingarröð í** Mál nr. US160046  
*umferðinni (USK2016020027)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „ný virðingarröð í umferðinni" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var þriðja efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur.

*Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar.*

26. **Betri Reykjavík, umferðaljós skynji** Mál nr. US160047  
*nálægða umferð betur (USK2016020028)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „umferðaljós skynji nálægða umferð betur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var fjórða efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur.

*Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar.*

27. **Betri Reykjavík, að gróðursetja tré við** Mál nr. US160048  
*Austurberg í Breiðholti, minni mengun*  
*(USK2016020029)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „að gróðursetja tré við Austurberg í Breiðholti, minni mengun" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var fimmta efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum umhverfismál.

*Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands.*

28. **Betri Reykjavík, hálkuvörn á göngu- og** Mál nr. US160049  
*hjólabrú yfir Kringlumýrarbraut*  
*(USK2016020031)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „hálkuvörn á göngu- og hjólabré yfir Kringlumýrarbraut" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum framkvæmdir.  
*Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.*

29. **Betri Reykjavík, setja upp hlið á göngustíg á milli Rimaskóla og Miðgarðs - Langarima** (USK2016020034) Mál nr. US160050  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „setja upp hlið á göngustíg á milli Rimaskóla og Miðgarðs - Langarima" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum ýmislegt.  
*Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.*

30. **Betri Reykjavík, endurnýja léleg hús með uppkaupum og reglugerðum** Mál nr. US160051  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „endurnýja léleg hús með uppkaupum og reglugerðum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum skipulag.  
*Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.*

31. **Hlíðarendi, kærur 5 og 7/2016** (01.62) Mál nr. SN160053  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 18. janúar 2016 ásamt kærum 5/2016 og 7/2016 þar sem kært er deiliskipulag á Hlíðarenda.  
*Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.*

32. **Gvendargeisli 16, kæra 19/2016** (05.135.2) Mál nr. SN160121  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. febrúar 2016 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur að samþykkja umsókn um leyfi til að hækka þak og byggja setustofu á 2. hæð, á lóð nr. 16 við Gvendargeisla.  
*Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra*

33. **Göngugötur 2016, lokun Laugavegar fyrir umferð vegna HönnunarMars** Mál nr. US160011  
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. febrúar 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á lokun Laugavegar fyrir umferð frá gatnamótum Vatnsstígs að gatnamótum Þingholtsstrætis og Bankastrætis dagana 10.-13. mars nk. Borgarráðs samþykkti erindið með þeirri breytingu að lokun er heimiluð frá kl. 15:00 á fimmtudeginum 10. mars og föstudeginum 11. mars.

34. **Laugavegur 32B og 34B, breyting á deiliskipulagi** (01.172.2) Mál nr. SN150782  
630513-1460 Lantan ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf, Bolholti 8, 105 Reykjavík  
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. febrúar 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna lóðanna nr. 32B og 34B við Laugaveg.

35. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. SN160076



**miðborgin, breyting á aðalskipulagi**

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. febrúar 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á verklýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem felst í starfsemi við götuhliðar í miðborg, markmið um virkar götuhliðar, skilgreiningu landnotkunar og sérákvæði um starfsemi, göngugötur og torg og almenn markmið um miðborgina.

36. **Afnot af borgarlandi vegna viðvarandi viðburða sumarið 2016, auglýsing**

Mál nr. US160031

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. febrúar 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á afnotum af borgarlandi fyrir lengri viðvarandi viðburði í borgarlandi með stórskjám, sviði og annarri meðfylgjandi umgjörð sumarið 2016.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 14:15.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Magnea Guðmundsdóttir

Sverrir Bollason  
Gísli Garðarsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Ólafur Kr. Guðmundsson  
Sigurður Ingi Jónsson  
Sigurborg Ó. Haraldsdóttir

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 23. febrúar kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 864. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2, hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Skúli Þorkelsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir og Eva Geirsdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

### Þetta gerðist:

### Nýjar/br. fasteignir

- Ármúli 3** (01.261.201) 103506 Mál nr. BN050571  
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja við kjallara, fjarlægja fordyri á norðurhlið og breyta innra skipulagi, innréttu mótuneyti og starfsmannarými í kjallara, breyta fyrirkomulagi snyrtinga og innréttu skrifstofur á 5. hæð, byggja útbyggingu á 3. hæð og endurnýja glugga og gluggakerfi á öllum hæðum mhl. 01, verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Ármúla.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. febrúar 2016.  
Stækkun: 109,3 ferm., 792,3 rúmm.  
Gjald kr. 10.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Frakkastígur 26A** (01.182.317) 215204 Mál nr. BN050406  
680815-0620 Live ehf., Laufásvegi 70, 101 Reykjavík  
670614-0340 Taste ehf., Frakkastíg 26a, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir 16 gesti við úteitingaborð, til að bæta við snyrtingu fyrir gesti, til annarra smærri breytinga innanhúss og til að breyta brunahönnun, sbr. erindi BN048943 samþ. 12. maí 2015, í veitingahúsi á lóð nr. 26A við Frakkastíg.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Hagatorg 1** (01.55.-.97) 106504 Mál nr. BN050640  
650893-2989 Bændahöllin ehf., Hagatorgi 1, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurnýja þjónustulyftu í eldri hluta Hótel Sögu á lóð nr. 1 við Hagatorg.  
Meðfylgjandi er umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 11.2. 2016.  
Gjald kr. 10.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.*
- Haukdælabraut 124-126** (05.113.106) 214831 Mál nr. BN049866  
150359-4579 Þorsteinn Kröyer, Dalhús 54, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt parhús með aukaíbúð 0102 einangrað að utan, útveggir klæddir með áklæðningu og þakplata steypt og einangruð með tvöfaldri einangrun á lóð nr. 124-126 við Haukdælabraut. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2015 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. janúar 2016.  
Bréf frá hönnuði dags. 20. ágúst 2015 fylgir.

Stærð hús nr. 124: A rými 242,2 ferm., B rými 38,7 ferm. 913,6 rúmm. Hús nr. 126: A rými 252,0 ferm., B-rými 22,3 ferm., 813,5 rúmm., B-rými í sameign: B- rými 10,8 ferm., 28,3 rúmm. Samtals A og B- rými er: 566,0 ferm., 1755,4 rúmm.

Gjald kr. 9.823 + 10.100

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*

5. **Háagerði 89** (01.817.404) 108151 Mál nr. BN050554  
210367-5519 Guðmar Einarsson, Háagerði 89, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja kvisti á suður og norður hlið og anddyri á vesturgafli einbýlishúss á lóð nr. 89 við Háagerði.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2016.  
Stækkun: 10,2 ferm., 4,9 rúmm.  
Gjald kr. 10.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
6. **Hátún 10-12** (01.234.001) 102923 Mál nr. BN045020  
570269-2169 Sjálfsbjörg landssamb fatlaðra, Hátúni 12, 105 Reykjavík  
Sótt eru um leyfi til að breyta tveimur skrifstofurýmum í meðferðarrými með því að koma fyrir handlaugum í rýmum á 1. hæð í húsinu nr. 12 á lóð nr. 10-12 við Hátún.  
Gjald kr. 8.500  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
7. **Hátún 10-12** (01.234.001) 102923 Mál nr. BN050094  
570269-2169 Sjálfsbjörg landssamb fatlaðra, Hátúni 12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja nýjan glugga og hurð úr áli á vesturgafli 2. hæðar á þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins á lóð nr. 10-12 við Hátún.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar ódagsett og bréf frá hönnuði dags. 2. nóvember 2015 og Samþykki meðeigenda dags. 22. jan. 2016 fylgja erindi.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
8. **Hlíðarendi 4** (01.629.803) 220841 Mál nr. BN050613  
670269-2569 Knattspyrnufélagið Valur, Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús með 40 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæð á lóð nr. 4 við Hlíðarenda.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 8. febrúar 2016 og brunahönnun frá EFLU dags. í febrúar 2016.  
Stærð A-rými: 4.522,6 ferm., 15.453,4 rúmm.  
B-rými: 372,5 ferm., xx rúmm.  
C-rými: 191,4 ferm.  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
9. **Hlunnavogur 12** (01.414.217) 105129 Mál nr. BN050461  
